

Fréttabréf ÞFÍ 1-2014

Forsíða:

Lögberg-Heimskringla – Leggjum blaðinu lið

Kynningarfundur 26. febrúar í Þjóðmenningarhúsinu

Þjóðræknisfélagið í samvinnu við Þjóðmenningarhúsið efnir til opins fundar miðvikudaginn 26. febrúar nk. þar sem tímaritið Lögberg-Heimskringla verður kynnt. Fundurinn verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og hefst kl. 16.15. Tímaritið Heimskringla var stofnað árið 1886 og var sérstaklega ætlað sem fréttá- og umræðuvettvangur fyrir Íslendinga í Vesturheimi. Tímaritið Lögberg var stofnað í ársbyrjun 1888 í sama tilgangi en var ætlað að viðra frjálslyndari viðhorf en Heimskringla. Blöðin voru síðan sameinuð árið 1959 og kemur nú út aðra hverja viku.

Á fundinum verða flutt 4 stutt erindi. Atli Ásmundsson rifjar upp mikilvægi útgáfunnar fyrir íslenska samfélagið í Norður-Ameríku og tenginu þess við Ísland. Hulda Karen Daníelsdóttir og Steinþór Guðbjartsson fyrrverandi ritstjórar tímaritsins segja frá áherslum blaðsins á sinni ritstjórnartíð og hverju þær skiluðu. Loks mun Almar Grímsson greina stöðu blaðsins nú og framtíðaráherslur. Á milli dagskrárliða verður tónlistaratriði.

Að erindum loknum verður boðið upp á kaffi og meðlæti.

Lögberg-Heimskringla býður félagsmönnum Þjóðræknisfélagsins upp á **6 mánaða rafræna áskrift án greiðslu** og að því loknu rafræna áskrift fyrir 20 CAD á ári. Þjóðræknisfélagið mun senda tímaritinu netföng félagsmanna. Nokkuð vantar upp á að Þjóðræknisfélagið hafi netföng allra félagsmanna og eru félagsmenn sem ekki hafa fengið netpósta frá félaginu að undanförunu beðið um að senda netfang sitt á netfang Þjóðræknisfélagsins inl@snorri.is.

Mynd 1 (Má taka dálítið pláss): Íslensku stúlkurnar í Snorra West verkefninu á ritstjórn Lögbergs-Heimskringlu í Winnipeg síðast liðið sumar.

Munið að greiða árgjaldið

Með fréttabréfinu fylgir greiðsluseðill vegna árgjalds Þjóðræknisfélagsins fyrir árið 2014 að upphæð 3.000 kr. Árgjaldinu, sem er óbreytt frá fyrra ári, er haldið í lágmarki en er félaginu ákaflega þýðingarmikið þar sem tekjur af því standa undir stórum hluta af starfsemi félagsins. Við biðjum félagsmenn góðfúslega að greiða greiðsluseðilinn strax svo það gleymist ekki.

Mynd 2: Hugsanlega má finna á netinu einhverja teiknaða mynd sem hæfir efninu (þarf ekki að vera)

Opna:

Snorri-West, einstakt tækifæri fyrir ungt fólk

Snorri West er menningarskiptaverkefni fyrir íslensk ungmenni 18-28 ára. Verkefnið stendur yfir í 4 vikur, frá 13. júní til 13. júlí. Árlega eru 4 einstaklingar af báðum kynjum valdir til þátttöku.

Þátttakendur ferðast á Íslendingaslóðir í Norður-Ameríku og kynnast þar menningu, náttúru og sögu svæðanna. Þeir dvelja hjá ólíkum fjölskyldum og komast þannig í nán tengsl við samfélög, ættingja sína og afkomendur Vesturfara. Það er þó ekki skilyrði fyrir þátttöku að hafa tengsl vestur um haf.

Í ár er ferðin einstaklega spennandi. Flogið er til Washington D.C. þar sem 17. júní verður fagnað. Leiðin liggur síðan til Toronto og m.a. heimsóttar minjar Vesturfara í Kinmount og Hekla og Niagrafossarnir. Í Ottawa verður 1. júlí, þjóðhátíðardegi Kanadabúa, fagnað. Þaðan verður ferðast til Nýfundnaland og heimsóttar minjar um búsetu Snorra Þorfinnssonar (sem verkefnið er nefnt eftir) í L'Anse aux Meadows. Ferðinni lýkur í Halifax og skoðunarferð að Peggy's Cove.

Verkefnið nýtur stuðnings styrktaraðila vestra og er þátttökugjaldið aðeins 2.200 CAD. Innifalið er flug, ferðir innanlands, skoðunarferðir, fullt fæði, húsnæði og margt fleira. Íslendingafélög á hverjum stað sjá um skipulagningu ferðarinnar. Skemmtilegur félagsskapur með fólki á öllum aldri.

Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu verkefnisins, www.snorri.is Frekari upplýsingar má fá á skrifstofu Norræna Félagsins, Óðinsgötu 7. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum tölvupóst, á netföngin info@snorri.is og snorriwestna@yahoo.com Áhugasamir eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur rennur út þann **7. mars** næstkomandi.

Mynd 3: Snorra-West farar með víkingnum í Gimli

Húsfyllir á fyrirlestri Sunnu Pam í Háskóla Íslands

Um 130 manns komu í hátíðarsal Háskóla Íslands 7. janúar sl. til að hlýða á fyrirlestur Sunnu Pam Furstenau þar sem hún fléttaði saman máli og 500 myndum á sinn einstæða hátt. Fyrirlesturinn sem hún nefndi „*Passing the Torch*“ fjallaði m.a. um íslensku arfleifðina í Norður-Ameríku. Hvers virði er hún fyrir yngri kynslóðir Íslendinga og Vestur-Íslendinga og hvernig henni verður viðhaldið. Meðal áheyranda voru forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Kristín Ingólfssdóttir, háskólarektor, Stewart Wheeler, sendiherra Kanada á Íslandi og heiðursfélagar Þjóðræknisfélagsins þau Vigdís Finnbogadóttir og Atli Ásmundsson. Sunnu var verðskuldað þakkað í lok flutningsins með dynjandi lófataki. Þjóðræknisfélagið í samvinnu við Háskóla Íslands stóð að fyrirlestrinum.

Mynd 4: Sunna Pam ásamt Kristínu Ingólfssdóttur háskólarektor, Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands og Halldóri Árnasyni.

Icelandic Roots – ný stofnun um ættfærði og íslensk málefni vestra

Vestur Íslendingurinn Sunna Pam Furstenau hefur keypt hinn yfirgripsmikla ættfræðigrunn Hálfðánar Helgasonar og stofnað utan um hann sjálfseignastofnunina Icelandic Roots. Sunna og Hálfðán munu á komandi árum vinna í sjálfböðavinnu að áframhaldandi þróun gagnagrunnsins. Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 þann 7. janúar sl. voru ítarleg viðtöl við Sunnu þar sem hún m.a. útlistaði hvernig ættfræðigrunnurinn getur auðveldað fólki að finna ættingja sína í Vesturheimi þó fjarskyldir séu. Ættfræðigrunnurinn hefur að geyma yfir 520.000 skráningar. Hægt er að kaupa aðgang að grunninum á vefnum www.icelandicroots.com. Mánaðaráskrift kostar 15 USD og ársáskrift kostar 120 USD. Það gjald fer í kostnað við síðuna og til þess að styrkja góð málefni, eins og til dæmis háskólastyrki fyrir krakka af íslenskum ættum og þátttöku í Snorraverkefninu.

Mynd 5: Merki Icelandic Roots kemur síðar

Íslandsvinurinn, Kris Stefanson heiðraður í Gimli

Kristjan Stefanson dómari í Winnipeg var heiðraður á hátíð sem Íslendingadagurinn í Gimli tileinkaði honum laugardaginn 15. febrúar sl.

Kristjan, sem verður 70 ára á þessu ári hefur tekið þátt í Íslendingadeginum alla sína æfi. Í áratugi hefur hann séð um móttöku íslenskra heiðursgesta á Íslendingadeginum í Gimli með þeirri reisn sem eftir hefur verið tekið. Kristjan er vinamargur á Íslandi og heimsækir okkur einu sinni til tvisvar ár hvert.

Kris Stefanson hefur reynst ómetanlegur við að styrkja menningar- og viðskiptatengsl milli Íslands og Kanada. Nýtur hann trausts leikra sem lærðra beggja megin hafs.

Hjálmar W. Hannesson aðalræðismaður Íslands í Winnipeg og fyrrum stjórnarmaður í ÞFÍ flutti Kris árnaðaróskir Þjóðræknisfélagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar í heiðurshófinu.

Mynd 6: Bræðurnir og Íslandsvinirnir Eric og Kris Stefansynir

Afmælishátíðir í Gimli og Mountain í sumar

Íslendingahátíðirnar í Gimli og Mountain fagna báðar afmæli í sumar sem minnst verður með viðeigandi hætti fyrstu helgina í ágúst. Íslendingahátíðin í Mountain, Norður-Dakóta, er haldin í 115. sinn og er hápunktur hátíðarinnar á laugardegi. Líkt og áður eru hjónin Björk og Curtis Olafson í fyrirsvari hátíðarinnar.

Íslendingadagurinn í Gimli verður haldinn hátíðlegur í 125. sinn þar sem aðalhátíðin er á sunnudegi og mánudegi. Íslendingadagurinn í Gimli er næst elsta samfellda þjóðernishátíðin í Norður Ameríku. Hátíðin var haldin í Winnipeg frá 1890–1931 en var síðan flutt til Gimli þar sem hún hefur verið haldin hátíðleg frá 1932. Formaður Íslendingadagsins er Cam Arnason sem tekur nú við af Janice Arnason eiginkonu sinni.

Búist er við fjölmenni Íslendinga á þessar hátíðir og líkt og oft áður bjóða Bændaferðir upp á skipulagða ferð þar sem hátíðirnar og Íslendingasamfélögin í Manitoba eru heimsótt.

Mynd 7: Snorraþátttakendur fjölmenna á Íslendingadaginn

Baksíða:

Íslensku víkingarnir og Vínland

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi kemur hinn þekkti kanadíski sérfræðingur í fornleifarannsóknunum Birgitta Wallace til Íslands í lok mars á vegum International Visit Program og Þjóðræknisfélagsins. Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands mun hún halda fjóra fyrirlestra um rannsóknir sínar á búsetu norrænna víkinga á Vínlandi. Fyrst fyrirlesturinn verður í Þjóðminjasafninu 26. mars og daginn eftir verður hún í Víkingaheimum í Reykjanesbæ. Því næst fer Birgitta norður í Skagafjörð og heldur þar erindi 29. mars og daginn eftir verður hún í Háskólanum á Akureyri. Birgitta mun heimsækja ýmsar stofnanir og fyrirsvarmenn á meðan hún dvelur hér. Nánari upplýsingar um fyrirlestra Birgittu verður unnt að finna á heimasíðu Þjóðræknisfélagsins www.inl.is þegar nær dregur.

Mynd 8: Afkomendur víkinga í Gimli

MÆTTU Á AÐALFUND ÞFÍ 30. APRÍL

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl n.k. í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og hefst kl. 16.15. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 3. gr. laga félagsins, s.s. skýrsla félagsstjórnar flutt, reikningar félagsins lagðir fram, stjórnarkjör og önnur mál. Að loknum aðalfundarstörfum verður haldið erindi tengt starfsemi félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á aðalfundinn.

Árþing INL of NA í Winnipeg

Árþing Þjóðræknisfélaganna í Vesturheimi verður haldið í 95. sinn í Winnipeg dagana 15.-18. maí nk. Þangað koma fulltrúar flestra félaga innan samtakanna og ræða leiðir til að efla innbyrðis tengsl og tengslin við Ísland, land forfeðranna og formæðrana. Á þinginu mun Halldór Árnason formaður ÞFÍ greina frá starfsemi félagsins, Ástós Signýjardóttir verkefnastjóri mun kynna Snorraverkefnið ásamt þátttakendum í verkefnunum. Einnig mun Svavar Gestsson formaður Heiðursráðs ÞFÍ kynna hlutverk og starf ráðsins.